

## Aðrar upplýsingar, óendurskoðað

---

### Stjórnarháttayfirlýsing Valitor hf.

Góðir stjórnarhættir Valitor hf. (hér eftir Valitor hf., Valitor eða félagið) stuðla að opnum og traustum samskiptum starfsmanna, stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Stjórnarhættir Valitor leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Stjórnarháttayfirlýsing Valitor hf. byggist á þeim lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur félagsins er staðfestur af stjórn. Nánar tiltekið fylgir félagið 5. tilmælum um stjórnarhætti fyrirtækja með sama hætti og lagalegum skyldum sem á félagið eru lagðar, samþykktum og samningum. Góðir stjórnarhættir eru nú aðgengilegir á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>.

### Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Samkvæmt leiðbeiningunum skal greint frá því hvort vikið sé frá hluta þeirra og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávik. Valitor fylgir leiðbeiningunum en gerð eru tiltekin frávik. Verður hér greint frá þeim frávikum sem eiga við í tilvikum Valitor. Grein 1.1.6 gerir ráð fyrir því að stjórn félagsins skuli gera tilteknar upplýsingar um aðila í framboði til stjórnar aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Ekki hefur verið talin þörf á þessu, en umræddar upplýsingar hafa verið aðgengilegar ásamt öðrum upplýsingum á skrifstofu félagsins og sendar hluthöfum fyrir aðalfund hafi þess verið óskað. Grein 1.5 gerir ráð fyrir því að hluthafafundur skipi tilnefningarnefnd eða ákveði hvernig hún skuli skipuð. Ekki hefur verið talin ástæða til að skipa slíka tilnefningarnefnd þar sem einungis eru tveir hluthafar í félaginu og annar með yfir 90% eignarhald. Grein 5.1.2 gerir ráð fyrir því að starfsreglur undirnefnda stjórnar séu birtar á vefsíðu félagsins. Undirnefndir stjórnar félagsins hafa sett sér starfsreglur en reglurnar hafa ekki verið birtar á vefsíðu félagsins. Starfsreglur stjórnar eru aftur á móti birtar á ytri vef félagsins þar sem m.a. er fjallað um hlutverk undirnefnda, sem talið hefur verið fullnægjandi. Grein 5.1.3. gerir ráð fyrir því að undirnefndir skuli árlega meta störf sín og einstakra nefndarmanna eftir fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi. Endurskoðunar- og áhættunefnd hefur ekki framkvæmt árangursmat. Stjórnarmenn fá öll gögn sem dreift er til meðlima Áhættu- og endurskoðunarnefndar.

Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna Valitor hf. og eru kaflaheitin í samræmi við leiðbeiningar í stjórnarháttum fyrirtækja að því marki sem við á.

### Lög og reglur

#### Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem Valitor hf. fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi

Til viðbótar við framangreinda góða stjórnarhætti fyrirtækja starfar Valitor hf. m.a. á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Valitor hf. er í leyfisskyldri starfsemi, skv. b-lið 1. tölul., og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Valitor hf. hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til að starfa sem lánafyrirtæki, sbr. 3. tölul., 1. mgr. 4. gr. og hefur starfsheimildir fyrir útlánastarfsemi neytendalána, greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, auk útgáfu rafeyris, sbr. a-lið 2. tölul., 4. tölul. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Valitor hf. eins og lög gera ráð fyrir. Önnur lög sem gilda um starfsemi Valitor eru lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi lánafyrirtækja má nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins <http://fme.is>.

#### Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustjórnun Valitor hf.

##### Innra eftirlit

Innra eftirlit Valitor er skipulagt út frá þremur varnarlinum (e. three lines of defence), með það að markmiði að tryggja skilvirgni, skilgreina ábyrgð og samræma áhættustýringu félagsins og innra eftirlit. Skipulaginu er jafnframt ætlað að stuðla að áhættumeðvitund og ábyrgð allra starfsmanna. Aðferðafræðin greinir á milli þeirra sem bera áhættuna og stýra henni, þeirra sem hafa eftirlit og aðhald með innra eftirliti og loks þeirra sem framkvæma sjálfstæða úttekt á skilvirgni innra eftirlits.

Fyrsta varnarlínan samanstendur af þeim sem hafa daglega umsjón með viðkomandi rekstri og skipulagningu hans. Þeir bera ábyrgð á því að viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Í þessu felst m.a. að greina og meta áhætturnar, að koma á viðeigandi stýringum og mótvægisáðgerðum og að hafa umsjón með innleiðingu innri reglna og ferla, auk þess að tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við það. Loks bera þeir ábyrgð á því að grípa til viðeigandi úrbóta til að bregðast við hugsanlegum misbrestum eða veikleikum.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Lög og reglur, frh.:

Önnur varnarlínan er sett á fót til að tryggja að fyrsta varnarlínan hafi komið á fullnægjandi innra eftirliti og að það virki sem skyldi. Áhættustýring og regluvarsla eru helstu þættirnir í annarri varnarlínunni en öðrum einingum kann einnig að vera falið tiltekið eftirlitshlutverk.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun, sem heldur stjórn og stjórnendum nægjanlega upplýstum um gæði stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits, þ.m.t. hvernig fyrsta og önnur varnarlínan ná fram markmiðum sínum, með framkvæmd sjálfstæðrar og óháðrar endurskoðunar. Árið 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið beiðni félagsins um undanþágu frá rekstri innri endurskoðunardeildar á grundvelli II. kafla leiðbeinandi tilmæla FME nr. 2/2011.

### Regluvarsla

Regluvarsla Valitor hf. leitast við að greina áhættu á misbrestum félagsins við að uppfylla skyldur sínar, samkvæmt lögum og innri reglum, sem og er ráðgefandi um viðeigandi ráðstafanir til að lágmarka slíka áhættu. Regluvarsla er sjálfstæð stjórnunareining sem stýrt er af regluverði og heyrir beint undir forstjóra. Regluvörður er jafnframt ábyrgðarmaður aðgerða félagsins gegn fjármögnun hryðjuverka, peningaþvættis og annarra auðgunarbrotu.

Regluvarsla framkvæmir innra eftirlit og annast allar innanhús rannsóknir ef upp kemur grunur um brot á lögum eða innri starfsreglum félagsins.

Regluvörður upplýsir forstjóra og áhættunefndir félagsins reglulega sem og veitir stjórn félagsins að minnsta kosti árlega skýrslu, auk þess að gefa áhættu- og endurskoðunarnefnd stjórnar skýrslu ársfjórðungslega. Regluvörður hefur jafnframt heimild til að skjóta málum beint til stjórnar, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

### Áhættustýring

Áhættusækni er óaðskiljanlegur hluti af starfsemi Valitor og því þarf að stjórna henni með árangursríkum hætti og í samræmi við áhættuvilja Valitor hf. Lykillinn að árangursríki áhættustýringu er að sífellt sé til staðar greining á umtalsverðum áhættum, mælingar á áhættugrunni, aðgerðir til að draga úr áhættu, eftirlit með áhættu svo og skýrslugerð til viðkomandi einstaklinga og samráðshópa. Áhættustjórnun og möguleikinn á að greina og meta áhættu og stýra henni er mjög mikilvæg fyrir arðsemi Valitor. Markmið áhættustýringar er að sjá til þess að allar umtalsverðar áhættur séu greindar, metnar og gerð sé grein fyrir þeim á tilhlyðilegan hátt. Áhættustýring er óháð deild og heyrir beint undir forstjóra. Yfirmaður áhættustýringar hefur beinan aðgang að stjórn fyrirtækisins skv. 6. mgr. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaframtækni. Valitor starfar samkvæmt valddreifingarskipulagi og á vegum þess er til staðar áhættumatsnefnd um umtalsverðar áhættur auk starfshópa um viðskiptalínur. Yfirmaður áhættustýringar situr fundi endurskoðunar- og áhættumatsnefndar stjórnar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og er reglulega til staðar á stjórnarfundum þegar sérstök málefni ber á góma. Ekki er hægt að leysa yfirmann áhættustýringar frá störfum án samþykkis stjórnar.

### Innri endurskoðun

Árið 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið beiðni félagsins um undanþágu frá rekstri innri endurskoðunardeildar á grundvelli II. kafla leiðbeinandi tilmæla FME nr. 2/2011. Innri endurskoðun Valitor hf. er útvistuð og var í höndum KPMG hf. á reikningsárinu.

### Endurskoðun og reikningsskil

Fjármálasvið sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn að jafnaði 11 sinnum á ári. Árlega gerir hvert svið félagsins áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur félagsins í heild og hvers afkomusviðs er gerður upp mánaðarlega, að undanskildum júlímánuði, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða. Áhættu – og endurskoðunarnefnd félagsins tekur árs- og árschlutareikninga (6 mán.) Valitor til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna reikningsskil einu sinni á ári og endurskoða reikningsskilin jafnoft. Áhættu- og endurskoðunarnefnd gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

### Gildi og samfélagsleg ábyrgð

#### Gildi Valitor hf., siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi Valitor hf. eru þrjú, traust, samvinna og frumkvæði. Valitor leggur í sínu starfi mikla áherslu á að starfsfólk sem starfar hjá fyrirtækinu geti samsamað sig með og fylgt gildum fyrirtækisins. Dýrmætasta eign fjármálafyrirtækja er traust og trúverðugleiki sem aftur ræðst af siðferði starfsmanna þeirra.



Valitor leggur áherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu. Þar skipa fræðsla og þekking starfsmanna, ásamt hegðunareglum félagsins, mikilvægan sess en niðurstaðan grundvallast þó alltaf á hugarfari viðkomandi starfsmanna. Stjórnendur leggja því ríka áherslu á að skapa þá umgjörð og menningu sem líklegust er til að hlúa að og auka siðferði starfsmanna félagsins. Í gildi er viðskiptasiðferðisstefna Valitor. Hún hefur að geyma siðferðisgildi og siðareglur sem nýtast munu starfsmönnum í störfum sínum.

#### Samfélagsleg ábyrgð:

Valitor hf. gerir sér grein fyrir því að fyrirtæki hafa ekki aðeins hagfræðileg áhrif á nærumhverfi sitt, heldur einnig mikil landfræðileg og félagsleg áhrif. Valitor hefur því ætíð haft samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi bæði í innri og ytri athöfnum og gjörðum sínum og jafnt í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini, starfsmenn, þjónustuaðila og samfélagið í heild. Valitor er ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og leitast við að taka þátt í uppbyggingu þess. Samfélagsleg ábyrgð Valitor liggur ekki sist í því að félagið ræki hlutverk sitt af kostgæfni, tryggi viðskiptavinum gæða þjónustu, hugi að umhverfisvernd og skapi starfsmönnum góð starfsskilyrði.

Í gegnum Samfélagssjóð Valitor hf. (áður Menningarsjóð VISA) sem félagið stofnaði árið 1992 styrkir Valitor hf. einnig mikilvæg málefni sem bæta mannlíf samfélagsins og efla það. Sjóðurinn veitir árlega veglega styrki til líknar- og menningarfélaga, ungra listamanna og ýmissa þjóðþrífaverka. Einnig tekur félagið þátt í fjölda samstarfsverkefna við íþrótt- og útivistarfélög.

Það er stefna Valitor að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi félagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Stór þáttur í því er að leggja sitt af mörkum í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í barráttunni gegn hlýnun jarðar. Valitor hefur skrifað undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og hefur sett sér markmið í þeim efnun. Neikvæð umhverfisáhrif vegna starfsemi félagsins verður lágmarkuð með því að draga úr kolefnislosun og orkunotkun félagsins. Félagið hyggst kolefnisjafna allar samgöngur á vegum félagsins og skipta út bílafloata félagsins í rafræna eða tvinnbíla. Nú þegar eru þrír af fjórum bílum til almennrar notkunar rafbilar. Stefnt er að því að starfsemi félagsins verði kolefnishlutlaus fyrir árslok 2020. Dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 10% á ári. Til að ná þeim markmiðum þá hefur félagið innleitt samgöngustyrki til starfsmanna sinna þar sem þeir eru hvattir til að nýta umhverfisvænni kosti í samgöngum til og frá vinnu. Enn fremur hyggst Valitor innleiða vistvæn innkaup og styðjast við umhverfissjónarmið í viðskiptum við birgja og þjónustuaðila. Jafnframt mun fræðsla til starfsmanna um umhverfismál verður aukin og þeir hvattir til að tileinka sér umhverfisvænan lífsstíl.

Valitor vill hafa jákvæð áhrif á samfélagið og hagsmunaaðila, liður í því er að birta árlega stöðu verkefna og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum. Í því skyni verða grunntölur um orkunotkun, endurvinnanlegt sorp og samgöngur teknar saman fyrir árin 2016 og 2017 og niðurstöður mælinga birtar fyrst 2018. Markmið félagsins til að draga úr gróðurhúsalofttegundum eru birt á heimasíðu félagsins.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Stjórn og nefndir Valitor hf.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórna.

#### Stjórn:

Í stjórn Valitor hf. sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn, sem eru allir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum ásamt fjármálastjóra og yfirlögfræðingi félagsins sem er ritari stjórnar. Stjórnin kemur saman að meðaltali einu sinni í mánuði, en oftast ef þurfa þykir. Stjórn stýrir öllum málefnum Valitor milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórn annast þann þátt rekstrar félagsins sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiriháttar. Þá er ein af meginskyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi Valitor. Stjórnin ræður forstjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð. Forstjóri sér til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna skyldum sínum. Stjórnin starfar samkvæmt starfsreglum stjórnar þar sem kveðið er á um störf hennar, þar á meðal um óhæði stjórnarmanna, valdsvið þeirra og ritun firma, verkaskiptingu og fundarskóp ofl. Starfsreglur stjórnar eru settar samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og með hliðsjón af 5. útg. leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Aukinheldur með hliðsjón af sátt Valitor við Samkeppniseftirlitið frá 15. desember 2014 (hér eftir sáttin).



#### Framkvæmdastjórn

Fram til 1. október 2016 var framkvæmdastjórn Valitor skipuð forstjóra, framkvæmdastjórum þriggja afkomusviða, Kortaútgáfusviðs, Fyrirtækjasviðs og Alþjóðasviðs auk framkvæmdastjórum þriggja stoðsviða, Fjármála- og mannauðsviðs, Þjónustu- og rekstrarsviðs og Vöruþróunar- og nýsköpunarsviðs. Frá 1. október 2016 er framkvæmdastjórn skipuð auk forstjóra, framkvæmdastjórum þriggja afkomusviða, „Direct Channel“, „Global Partnership“ og „Valitor Iceland“ auk framkvæmdastjórum þriggja stoðsviða, „Finance“, „Product Development“ og „Operations“. Framkvæmdastjórn fundar nú á fjögurra vikna fresti þar sem farið er yfir helstu málefni í starfseminni. Allir í framkvæmdastjórn teljast lykilstarfsmenn, skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. a, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Stjórn og nefndir Valitor hf., frh.:

#### Undirnefndir stjórnar:

##### **Áhættu - endurskoðunarnefnd**

Valitor nýtir sérheimild til að sameina hlutverk lögbundinnar áhættunefndar og endurskoðunarnefndar. Nefndin er ráðgjafar- og eftirlitsnefnd stjórnar og gegnir því hlutverki að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu, endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings, óhæði endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda. Auk þess skal endurskoðunarnefnd setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, sbr. IX. kafla A, laga nr. 317/2006, um ársreikninga. Áhættu- og endurskoðunarnefnd hefur sett sér innri reglur.

Eftirtaldir aðilar sitja í áhættu- og endurskoðunarnefnd Valitor:

Eggert Teitsson, form., löggiltur endurskoðandi og starfsmaður Arion banka hf.

Anna Rún Ingvarsdóttir, varamaður í stjórn Valitor hf.

Synnöve Trygg, varaformaður stjórnar Valitor hf., sjálfstætt starfandi ráðgjafi

Þórir Örn Ingólfsson, verkfræðingur hjá Calco ehf.

Leiðbeinandi tilmæli um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila hafa ekki verið gefin út af FME. Nefndin er því skipuð á grundvelli leiðbeininga um stjórnarhætti.

#### Starfskjaranefnd

Meginhlutverk starfskjaranefndar er að veita stjórn ráðgjöf vegna starfskjara forstjóra og árleg endurskoðun á kaupaukakerfi starfsmanna ásamt árangursviðmiðum við veitingu kaupauka. Regluleg verkefni á fundum nefndarinnar eru auk þess endurskoðun á starfskjarastefnu. Hluthafafundur yfirfer og samþykkir starfskjarastefnu bankans árlega.

Eftirtaldir aðilar sitja í starfskjaranefnd Valitor:

Guðmundur Þorbjörnsson, form., aðalmaður og stjórnarformaður stjórnar Valitor

Jónína S. Lárusdóttir, aðalmaður í stjórn Valitor

Roger Alexander, aðalmaður í stjórn Valitor

#### Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda

Bæði áhættu- og endurskoðunarnefnd og Starfskjaranefnd Valitor eru kosnar af stjórn félagsins innan mánaðar frá aðalfundi. Báðar undirnefndirnar skila stjórn skýrslum um störf sín einu sinni á ári. Á hverjum stjórnarfundum er dagskrárlíður er lýtur að Áhættu- og endurskoðunarnefnd stjórnar og er þar gerð grein fyrir efni síðasta fundar og ályktunum og almennt gerð grein fyrir störfum nefndarinnar. Hafi fundir í starfskjaranefnd átt sér stað á milli stjórnarfunda er gerð grein fyrir þeim einnig.

#### Upplýsingar um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu

Á almanaksárinu 2016 voru haldnir 15 stjórnarfundir. Aðalmenn mættu á alla fundi. Stjórn Valitor hefur ákveðið að ganga lengra en kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og mæta varamenn á stjórnarfundum ársfjórðungslega. Tilgangurinn er að halda varamönnum upplýstum komi til þess að þeir muni taka sæti aðlmanns. Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir starfi stjórnarinnar og stýrir störfum hennar. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir Valitor nema að þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans. Þá fær stjórn fundargerð síðasta fundar áhættu- og endurskoðunarnefndar eftir að hún hefur verið undirrituð. Áhættu- og endurskoðunarnefnd hélt 12 fundi á árinu og starfskjaranefnd hélt 3 fundi. Þrír af fjórum nefndarmönnum áhættu- og endurskoðunarnefndar eru utanaðkomandi. Er það gert til að tryggja nauðsynlega sérfræðipækkingu.

#### Hvar megi nálgast starfsreglur stjórnar og undirnefnda

Stjórn Valitor hf. hefur sett sér starfsreglur stjórnar sem ætlað er að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við Valitor hf. og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um rekstur og áhættu í starfsemi félagsins. Starfsreglur stjórnar birtast á heimasíðu félagsins, <http://www.valitor.is/um-valitor/stjornarhaettir/>.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Stjórnarmenn og forstjóri

#### Upplýsingar um stjórnarmenn

Sömu einstaklingar skipa stjórnir Valitor og Valitor Holding hf., sem á 99% í Valitor hf. Valitor Holding hf. hefur þá starfsemi að eiga eignarhlutinn í Valitor hf., Visa Ísland ehf. og Itron Ltd. Visa Ísland ehf. á 1% í Valitor en í stjórn þess situr Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor hf.

Guðmundur Þorbjörnsson (1957), Reykjavík, stjórnarformaður, er verkfræðingur M.Sc.og MBA, og framkvæmdastóri EFLU verkfræðistofu. Áður vann Guðmundur sem stjórnandi hjá Eimskipafélagi Íslands á árunum 1993-2004, en þar áður við verkfræðistörf hjá Línuhönnun hf. og Minikus Witta und Partner (Sviss) frá árinu 1983. Guðmundur hefur verið stjórnarmaður frá hluthafafundi 18. mars 2010 og frá sama tíma meðstjórnandi í Valitor Holding hf. Guðmundur er í stjórn nokkurra lítilla fyrirtækja fyrir hönd EFLU verkfræðistofu. Guðmundur á engin hlutabréf í Valitor eða Valitor Holding hf. Guðmundur hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.



Synnöve Trygg (1959), varaformaður, er sænsk og býr í Svíþjóð. Hún var fyrst kjörin stjórnarmaður á hluthafafundi 12. mars 2015 og frá sama tíma stjórnarmaður í stjórn Valitor Holding hf. Synnöve var forstjóri SEB Kort frá árinu 1993 – 2013 en á þeim árum stækkaði starfsemi þess og nær orðið til allra Norðurlanda. Synnöve er fyrrum stjórnarmaður hjá tryggingafélaginu Trygg Hansa og MasterCard Europe auk þess sem hún sat í alþjóðlegu ráðgjafarráði Diners Club International. Í dag gegnir Synnöve stjórnarstörfum í ýmsum félögum, m.a. Intrum Justitia A.B. og Nordax Bank A.B. Synnöve á engin hlutabréf í Valitor eða Valitor Holding hf. Synnöve hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Halldór Bjarkar Lúðvígsson (1967), Reykjavík, meðstjórnandi, tók við starfi framkvæmdastjóra fjárfestingarbankasviðs Arion banka í september 2011 og gegndi því til ársins 2016. Hann var fyrst kjörinn stjórnarmaður á hluthafafundi 18. mars 2014 og á sama tíma kjörinn stjórnarmaður í Valitor Holding hf. Á árunum 2010 til 2011 var Halldór framkvæmdastjóri fyrirtækjapjónustu Arion banka. Árið 2009 vann hann fyrir skilanevnd Kaupþings sem framkvæmdastjóri yfir eignasafni bankans á Norðurlöndum. Á árunum 2005 til 2008 starfaði Halldór á útlánasviði Kaupþings banka þar sem hann bar ábyrgð á útlánnum á Norðurlöndunum.



Á tímabilinu frá 1992 til 2005 gegndi Halldór ýmsum stjórnunarstöðum, lengst sem forstjóri Maritech A/S, alþjóðlegs fyrirtækis sem selur tæknilausnir til sjávarútvegsfyrirtækja. Halldór hefur jafnframt setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja hér á landi og erlendis. Halldór útskrifaðist með B.S. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og sem vélaverkfræðingur frá sama skóla árið 1991. Halldór er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum. Halldór Bjarkar gekk úr stjórn 16. september 2016.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Stjórnarmenn og forstjóri, frh.:



Jónína Sigrún Lárusdóttir (1970), Reykjavík, meðstjórnandi, tók við starfi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Arion banka í nóvember 2010. Jónína var fyrst kjörinn stjórnarmaður á hluthafafundi 18. mars 2014 og á sama tíma kjörinn í stjórn Valitor Holding hf. Jónína var ráðuneyttisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu frá 2007 til 2010. Á árunum 2004 til 2007 var hún skrifstofustjóri almennrar skrifstofu í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Frá 2000 til 2004 starfaði Jónína í viðskiptaráðuneytinu sem deildarsérfræðingur á skrifstofu fjármagnsmarkaðar. Á árunum 1996 til 2000 starfaði hún sem lögmaður hjá A&P lögmönnum.

Jónína hefur setið í og stýrt fjölmörgum nefndum, m.a. á vegum forsætisráðuneytisins og starfað sem stundakennari, m.a. við lagadeild Háskóla Íslands. Hún var formaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árunum 2003 og 2004. Jónína lauk meistaraprófi frá London School of Economics and Political Science árið 2000. Hún brautskráðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996 og fékk málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi ári síðar. Jónína á engin hlutabréf í Valitor eða Valitor Holding hf.

Roger Alexander (1948), meðstjórnandi, er breskur og býr í Englandi. Hann var fyrst kjörinn stjórnarmaður á hluthafafundi 12. mars 2015 og á sama tíma í stjórn Valitor Holding hf. Roger var um árabíl forstjóri Elavon Merchant Services, sem er einn af fremstu færsluhirðum í Evrópu og dótturfélag US Bancorp. Auk þess var Roger áður forstjóri Switch Card Service Ltd. (S2) sem er útbreitt debetkortakerfi í Bretlandi og sameinaðist MasterCard undir nafninu Maestro brand. Roger starfaði þar áður í 31 ár hjá Barclays banka í hinum ýmsu stjórnunarstörfum. Roger hefur setið í stjórn fjölda fyrirtækja á sl. 15 árum, m.a. hjá eftirlitsskyldum aðilum í Bretlandi og víðar í Evrópu og Bandaríkjunum. Roger á engin hlutabréf í Valitor hf. eða Valitor Holding hf. Roger hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.



Stefán Pétursson (1963), Seltjarnarnesi, meðstjórnandi, er viðskiptafræðingur með MBA gráðu frá Babson College í Boston í Bandaríkjunum og er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka. Áður vann Stefán sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar. Hann hefur verið stjórnarmaður frá hluthafafundi 16. september 2016. Stefán situr í stjórn Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Stefán á engin hlutabréf í Valitor eða Valitor Holding hf.

### Varastjórn

Anna Rún Ingvarsdóttir (1968), Reykjavík, varamaður, er viðskiptafræðingur og fjármálastjóri Skakkaturns ehf./ Epli.is. Áður starfaði hún meðal annars hjá Almennu verkfræðistofunni hf., Median ehf. (nú Handpoint) og Streng hf. (nú Advania). Anna Rún var kosinn stjórnarmaður á hluthafafundi 2012 og varamaður á hluthafafundi 12. mars 2015. frá sama tíma meðstjórnandi í Valitor Holding hf. Anna Rún situr í stjórn Advania hf. Anna Rún á engin hlutabréf í Valitor hf. eða Valitor Holding hf. Anna Rún hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Hrönn Greipsdóttir (1966), Reykjavík, varamaður, er viðskiptafræðingur og fjárfestingastjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki hf. Áður starfaði Hrönn sem forstöðumaður á fyrirtækjasviði Arion banka. Auk þess sem hún stýrði um tíma einu af dótturfyrirtækjum SPRON. Hrönn Greipsdóttir var fyrst kosinn varastjórnarmaður á hluthafafundi 14. mars 2013 og gegndi því starfi til 16. september 2016 þegar hún gekk úr varastörn.

## Aðrar upplýsingar, frh.:

---

### Stjórnarmenn og forstjóri, frh.:

#### Varastjórn

Þórbergur Guðjónsson (1980), varamaður, er viðskiptafræðingur og með mastersgráðu í fjármálum og fjárfestingum. Þórbergur starfar sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Arion banka. Hann situr í stjórn eignarhaldsfélagsins Landeyjar ehf., Landeyjar hf., FF eignarhaldsfélags ehf, Fram Foods ehf., auk þess að sitja í stjórn Vadesbo B.V. Þórbergur á engin hlutabréf í Valitor eða Valitor Holding hf.

#### Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir Valitor hf. og stórum hluthöfum

Stjórnarmenn og varastjórnarmenn Valitor sitja einnig í stjórn Valitor Holding hf. sem fer með 99% hlutafjár í Valitor. Að öðru leyti eru eftirfarandi stjórnarmenn og varamenn í stjórn óháðir Valitor hf. og Valitor Holding hf. og stórum hluthöfum þess síðarnefnda:

#### Aðalstjórn:

Guðmundur Þorbjörnsson  
Roger Alexander  
Synnöve Trygg

#### Varastjórn

Anna Rún Ingvarsdóttir  
Hrönn Greipsdóttir til 16. september 2016

#### Samskipti stjórnar og hluthafa

Stjórnarformaður sér um samskipti fyrir hönd stjórnar og félagsins við hluthafa á milli löglega boðaðra hluthafafunda sem eru meginvettvangur upplýsingagjafar til hluthafa.

#### Árangursmat stjórnar

Í grein 2.9 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er gert ráð fyrir að stjórn viðhafi árangursmat einu sinni á ári. Stjórn Valitor framkvæmdi árangursmat í nóvember 2016. Stjórnin mat m.a. störf sín, samsetningu stjórnar, störf undirnefnda, frammistöðu forstóra ofl. Helstu niðurstöður úr matinu voru að stjórn var sammála um að störf hennar og forstjóra væru í góðu horfi og að upplýsingaflæði til stjórnar væri til fyrirmyndar.

#### Upplýsingar um forstjóra Valitor hf. og lýsing á helstu skyldum hans

Viðar Þorkelsson (1963), Kópavogi, er forstjóri Valitor hf. Viðar er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands og með Masters gráðu (MBA) í viðskiptafræðum frá Peter F. Drucker and Masatoshi Ito Graduate School of Management, Claremont Graduate University. Hann hefur víðtæka stjórnunarreynslu á sviði banka- og fyrirtækjareksturs. Viðar hefur verið forstjóri Valitor hf. frá 1. júní 2010. Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu og á ekkert hlutafé í Valitor Holding hf. eða dótturfélögum þess. Forstjóri situr í stjórn fimm dótturfélaga Valitor Holding hf. Samkvæmt samþykktum Valitor hf. fer forstjóri með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóri skal sjá um að láta gera uppkast að ársreikningi og ársskýrslu stjórnar félagsins, hann ber ábyrgð á reikningshaldi, ráðningu starfslíðs og að starfsemi félagsins sé í samræmi við viðeigandi lög. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska um rekstur félagsins og veita þær samkvæmt lögum. Forstjóri hefur ekki kaupréttarsamning við félagið.

#### Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og / eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Valitor hf. hefur ekki verið synjað um heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Valitor hf. hefur ekki sætt afturköllun ógildingu eða uppsögn heimildar, aðildar eða leyfis.

Upplýsingar um dómsmál tengd Valitor hf. er að finna í skýringum með ársreikningi.

#### Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Valitor hf. er ekki skráð í kauphöll en birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu fyrirtækisins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins. Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og enn fremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn félagsins á fundi hennar 1. febrúar 2017.